



23. fundur stjórnar LH 2022-2024
23. apríl 2024 kl. 12:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Hákon Hákonarson, Edda Rún Ragnarsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Valdimar Magnús Ólafsson, Gróa Björg Baldvinsdóttir, Randi Holaker, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Skipun dómara á Landsmót 2024 – tillaga dómara nefndar LH og erindi frá stjórn LM 2024

Á fundi dómara nefndar LH var samþykkt eftirfarandi tillaga að skipun dómara á Landsmót:

Gæðingakeppni

Amalie San Pedro
Erlendur Árnason
Eyvindur Hrannar Gunnarsson
Hinrik Már Jónsson
Jóhann G. Jóhannesson
Jón Þorberg – *yfirdómari*
Lárus Hannesson
Logi Laxdal
Magnús Sigurjónsson
Mathilde Hjort
Oddrún Ýr Sigurðardóttir
Valur K. Valsson
Þórir Grétarsson

Íþróttakeppni

Elisabeth Jansen
Friðfinnur Hilmarsson
Halldór Victorsson – *yfirdómari*
Haukur Bjarnason
Katharina Konter
Ketill Björnsson
Páll Briem
Pjetur Pjetursson
Sigríður Pjetursdóttir
Sigurður Kolbeinsson
Sigurður Ævarsson
Svafar Magnússon



Stjórn LM 2024 óskaði eftir fundi með dómara nefnd þar sem lögð var fram beiðni til dómara nefndar og stjórnar LH um að gerð verði önnur tillaga að yfirdómara gæðingakeppnishluta mótsins vegna samstarfsörðugleika Jóns Þorbergs og framkvæmdastjóra mótsins, á árinu 2023 þegar báðir sátu í keppnisnefnd, og vegna greinaskrifa Jóns á opinberum vettvangi þar sem hann lýsti yfir vantrausti á starfsmenn LH, stjórn LH og framkvæmdastjóra LM2024 er hann gegndi hlutverki formanns keppnisnefndar. Mótshaldarar Landsmóts leggja áherslu á að lykilatríði sé að stjórn og starfsfólk geti unnið saman og leyst þau mál sem upp koma fljótt og örugglega og að trúnaður ríki milli starfsfólks um störf þeirra.

Ólafur þar upp beiðni um að fresta fundi til morguns og gefa stjórnarmönnum færi á að kynna sér betur forsendur málsins, sem var samþykkt.

Fundi frestað kl. 12.55

Fundi framhaldið kl. 12.00, 24. apríl 2024

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Hákon Hákonarson, Edda Rún Ragnarsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Valdimar Magnús Ólafsson, Gróa Björg Baldvinsdóttir, Randi Holaker, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Farið var yfir valdsvið stjórnar í málinu. Byggir það á reglugerð dómara nefndar, en þar kemur skýrt fram að eitt af megin verkefnum dómara nefndar sé „**að gera tillögur til stjórnar LH í samráði við dómara félagin um dómara til starfa á mótum erlendis, Íslandsmótum, lands- og fjórðungsmótum**” og því óumdeilt að málið heyrir undir stjórn LH og að stjórn beri að taka afstöðu til erindisins áður en endanleg ákvörðun um úthlutun dómara á landsmóti teljist samþykkt.

Lögð er fram tillaga að svari til dómara nefndar og borin upp til atkvæða:

Stjórn starfar í umboði hestamannafélaganna en Landmót 2024 er haldið af tveimur stærstu hestamannafélögum í landinu. Stjórn telur eðlilegt að verða við beiðni þeirra um að gerð verði ný tillaga að yfirdómara gæðingakeppnishluta mótsins. Stjórn samþykkir þann dómara lista sem dómara nefnd leggur til, en óskar jafnframt eftir því að Gæðingadómara félag Landssambands hestamannafélaga tilnefni annan dómara af listanum sem yfirdómara gæðingakeppni. Stjórn LH vonast til að dómara nefnd nái sátt í málinu með það fyrir augum að Landsmót hestamanna 2024 fari sem best fram.

Samþykkir eru: Guðni Halldórsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir, Hákon Hákonarson, Ólafur Gunnarsson og Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Sóley Margeirsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir framlagðan dómara lista landsmóts, en óskar eftir að GDLH tilnefni annan dómara af listanum sem yfirdómara í gæðingakeppni Landsmóts.



2. Skipun eftirlitsdómara á Landsmót 2024 – tillaga dómara nefndar LH

Skipa skal eftirlitsdómara á Íslandsmót, Landsmót, fjórðungsmót og önnur mót sem hafa fleiri en 200 skráningar, og þau mót sem dómara nefnd LH telur ástæðu til. Eftirlitsdómari skal veða og meta dómsstörf, fylgjast með því að siðareglur þær sem samþykktar eru af LH séu haldnar í hvívetna af öllum aðilum viðkomandi móts. Eftirlitsdómari skal skila skýrslu til dómara nefndar að loknu hverju móti. LH greiðir kostnað vegna eftirlitsdómara.

Dómara nefnd LH leggur til að Valdimar Ólafsson verði ráðinn eftirlitsdómari í gæðingakeppni á LM2024.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Tillaga að starfslýsingu eftirlitsdómara á stórmótum

Lögð var fram starfslýsing fyrir eftirlitsdómara á landsmótum. Ekki voru gerðar athugasemdir við hana en stjórn gefinn kostur á að koma með athugasemdir á tölvupósti ef einhverjar væru. Ef engar athugasemdir bærust teldist starfslýsingin samþykkt, en annars tekin fyrir á næsta fundi stjórnar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Fundi slitið kl. 12.45